

Nd.

545. Breytingartillögur

[164. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG).

1. Á eftir 1. gr. komi 4 nýjar greinar svo hljóðandi:
 - a. (2. gr.) Við 3. málsg. 8. gr. laganna bætist:

Ríkisstjórnin getur ákveðið að útflutningssjóður eða ríkissjóður greiði sérstakar bætur á smáfisk, á tiltekna fisktegundir og fisk, veiddan á vissum tímum árs. Bætur þessar skal miða við ákveðna upphæð á hvert kg af fiski, sem vinnslustöð tekur á móti.
 - b. (3. gr.) 31. gr. laganna falli niður.
 - c. (4. gr.) 32. gr. laganna falli niður.
 - d. (5. gr.) 33. gr. laganna orðist svo:

Orðin „og sparisjóðir“ og orðin „og sparisjóði“ í síðasta málslið 2. málsg. 16. gr. laga nr. 63 21. júní 1957 falli niður.
2. Við 2. gr. (er verði 6. gr.) bætist:

Um leið koma í gildi lög nr. 75/1952, um breyting á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.